

færslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Vilhjálmur Chr. Hákonarson á að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með málfærslulaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir yfirdóminum yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar samtals 25 kr., og málfærslulaun skipaðs sækjanda fyrir yfirdóminum Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar 15 krónur.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. dag maímán.

nr. 49/1912.

Kr. Linnet

gegn

Friðriki Svípmundarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Kr. Linnet fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu gegn hinum stefnda Friðriki Svípmundarsyni á Löndum í Vestmanna-

eyjum til greiðslu á skaðabótum, að upphæð samtals 706 kr. fyrir að hafa eyðilagt eða tekið til sín veiðarfæri og fisk frá mótorbátunum »Vestmannaey« og »Gnoð«, en eigendur báta þessara seldu kröfuna til skaðabótanna nefndum málatilutningsmanni til fullrar eignar og umráða. Mál-ið var dæmt í téðum rétti 1. marzm. f. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda, og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. okt. f. á. og krafist þess, að stefndi, ef þörf gerðist, að fyrirleggðum eiði, verði dæmdur til að greiða umstefndar 706 krónur með 5% árs-vöxtum frá 24. ágúst f. á. og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum áfrýjanda, en áfrýjandi dæmdur í hæfilega sekt fyrir óþarfa þrætu og til að greiða sér málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir réttarins mati.

Skaðabótakrafan á hendur stefnda, er áfrýjandinn krefst dóms fyrir í máli þessu, er byggð á því, að stefndi hafi tvívegis sumpart tekið til sín, sumpart eyðilagt veiðarfæri, er mótorbátarnir »Vestmannaey« og »Gnoð« áttu í sjó, og hirt fisk þann er í þeim var og tekið til sín. Fyrri skiftið, sem þetta á að hafa átt sér stað, var um miðjan marzmánuð 1909. Þá voru þeir báðir á sjó með línu sínar, Sigurður Ingimundarson formaður á »Vestmanney« og stefndi á mótorbát sínum »Friðþjófur«, og heldur áfrýjandi því fram, að þá hafi verið dregin upp í bát stefnda með hans línu önnur lína, sem átti Sigurður Ingimundarson eða bátur hans »Vestmanney« og hafu

belgirnir, sem við línur þessar voru, verið skornir niður en línan hirt og uppistöðurnar, sem belgirnir voru á, og hafi stefndi haft þetta með sér til lands ásamt fiskinum, er á línunni var. Stefndi hefir neitað því, að hann hafi nokkurntíma skorið í sjó eða eyðilagt veiðarfæri fyrir Sigurði Ingimundarsyni og aldrei séð neina línu eða önnur veiðarfæri honum tilheyrandi koma á land á bát sínum greinda vertíð og viti hann ekki, að neitt slíkt hafi nokkurntíma komið fyrir á bát sínum, sem borið er fram af áfrýjanda; sama hefir borið bróðir hans, er á bátnum á að hafa verið við þetta tækifæri og dregið línuna meðan stefndi »bar í« fiskinn. Frásögn áfrýjanda í þessu efni er þannig neitað af stefnda, og þar sem hún styðst ekki við annað en óeðfestan framburð eins manns, sem auk þess hefir sögusögn sína að mestu leyti og í öllu verulegu eftir öðrum manni, sem ekki hefir gefið skýrslu í málinu, þá er engin sönnun framkomin fyrir staðhæfing áfrýjanda um þetta atriði málsins, er byggð verði á skylda fyrir stefnda til að bæta eigendum bátsins »Vestmanney«, eða áfrýjanda í þeirra stað, þann hluta kröfu áfrýjanda, kr. 388.00 er talið er til í málinu fyrir hér umræddar skemdir og töku á veiðarfærum og fiski, og verður því að sýkna stefnda fyrir þeim hluta hinna umkröfðu skaðabóta.

Að því er hinn hluta skaðabótanna snertir, sem áfrýjandi krefur stefnda um, kr. 318,00, þá heldur áfrýjandi því fram, að stefndi eigi sök á því eða sé valdur að því, að báturinn »Gnóð« eða formaður hans Sigurður Ingimundarson og aðrir eigendur báts þessa, sem hafa fram-selt áfrýjanda rétt sinn í því tilliti, hafi 27. marz 1911 mist veiðarfæri í hendur stefnda eða á annan hátt, er

þeir telja 118 kr. virði, og að stefudi hafi tekið til sín fisk, er á veiðarfærin hafði aflast og þeir meta 200 kr., og krefst hann því alls sem skaðabóta hjá stefnda út af þeim 318 krónum.

Það er sannað í þessu tilliti, að 27. marz 1911 voru þeir að draga lóðir sínar undir Vestmannaeyjum, stefndi á bát sínum og Sigurður Ingimundarson á »Gnoð« og nokkrir fleiri, og dró þá stefndi upp á bát sinn línuflækju með fiski á, sem hann fór með í land. Þar var flækjan lögð upp á tún og var ætlast til, að þeir greiddu þar sitt úr flækjunni, sem í henni áttu, auk stefnda. Meðal annara kom þar þá og maður af hendi Sigurðar Ingimundarsonar fyrir bátinn »Gnoð«, og greiddi hann úr og hirti nokkra línustúfa tilheyrandi bát þessum, í alt 3 strengi. Hitt af flækjunni, sem ekki var hirt þar á túninu, var farið með upp í beitiskúr stefnda, og er ekki frekara upplýst um, hvað við það var gert eða hvað af því varð. En áfrýjandi heldur því fram, að af veiðarfærum »Gnoðar« hafi á þennan hátt ekki komið nema minni hlutinn og telur sig vanta af þeim 118 kr. virði, er stefndi eigi að bera ábyrgð á og bæta sér.

Þessi ábyrgð stefnda og skylda til skaðabóta fyrir vantandi veiðarfæri, sem stefndi hefir mótmælt sem algerlega órökstuddri, verður ekki byggð á því, að stefndi hafi, eins og áfrýjandi virðist annað veifið vilja gefa í skyn, skorið niður eða skemt í umrætt skifti veiðarfæri »Gnoðar« eða verið valdur að ástandi því, sem þau voru komin í, er hann flutti þau á land, og er ekkert það fram komið í málinu, er bendi til slíks. Ekkert verður heldur fundið að meðferð stefnda á línuflækjunni eftir að í land kom, er bakað geti honum ábyrgð gagnvart eigendum »Gnoðar« eða formanninum Sigurði Ingimundarsyni, því

að Sigurði gafst, eins og áður er sagt, kostur á að hirða sitt úr flækjunni, og það er engin átylla til þess í málinu að ætla, að þar hafi nokkur fyrirstaða verið fyrir eða hindrun gerð á af hálfu stefnda eða hans manna. Það verður þá og líka að álíta, að þó að eitthvað af línu frá »Gnoð« hafi orðið eftir í oftnesndri flækju, eftir að »Gnoðar«-menn voru búnir að greiða sitt úr henni, þá verði stefndi, sem ekki virðist hafa verið aðvaraður um þetta eða þekt línu »Gnoðar«, ekki um þetta kent, eða hann látinn bera ábyrgð á því gagnvart áfrýjanda, hvað um þá línu eða línustúf varð, enda væri sú ábyrgð óframkvæmanleg, þar sem engin upplýsing liggur fyrir um lengd línu þeirrar eða línustúfs, er áfrýjandi ætlar að hafi horfið á þenna hátt.

Að því er snertir kröfuna um endurgjald eða bætur fyrir fisk þann, er verið hafi á línu »Gnoðar«, þá getur ekki komið til tals, að stefndi verði verði skyldaður til að skila andvirði annars fiskjar en þess, er kom á línustúfa, sem sannast hefir að hann hafi hirt fiskinn af, en um það hve mikill sá fiskur hafi verið, sem þar geti verið um að ræða, er engin leiðbeining í málinu og ekki einu sinni upplýst um lengd línu þeirrar, er »Gnoð« heimtist úr umgetinni línuflækju, og verða áfrýjanda þegar af þessum sökum ekki dæmdar neinar bætur hjá stefnda fyrir fisk, er til hans hafi runnið við umræddan línudrátt.

Samkvæmt framanrituðu verður að fallast á það, að gestaréttardómurinn hefir sýknað stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta dóm þenna í heild sinni. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir einnig eiga að falla niður.

## Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 52/1912

Landsbanki Íslands  
gegnJakobi Jónssyni fyrir hönd  
eigenda skipsins «Iho».

## Dómur:

Í máli þessu hefir áfrýjandinn, »Landsbanki Íslands,« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. nóv. f. á., úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 11. okt. f. á., á þá leið, að fjárnám skyldi eigi gert í fiskiskipinu »Iho«, eign H. P. Dausverzlunar, til lúkningar veðskuld til Landsbankans, að eftirstöðvum kr. 5265.94 með 8% ársvöxtum frá 10. marz 1911, samkvæmt veðskuldahréfi útgefnu 30. jan. 1908 af Birni Símonarsyni. Krefst áfrýjandi, að úrskurður þessi verði feldur úr gildi, og að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma fjárnámið, en verzlunarstjóri Jakob Jónsson fyrir hönd H. P. Dausverzlunar dæmdur til að greiða Landsbankanum málskostnað eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Mál þetta er þannig tilkomið, að nóttina milli 27. og 28. febrúar 1910 rak fiskiskipið »Egill«, sem þá var eign hlutafélagsins »Stapinn« og Björns kaupmanns Símonar-